

Vinnulisti - beiðnapottur

Breytingar á eyðublaði "Beiðni um álit sérfræðings"

Í kafla "Persónuupplýsingar" sjást nú upplýsingar um staðsetningardeild og þjónustuflokk (ef sjúklingur er inniliggjandi).


Beiðni um álit sérfræðings		
Guðjónsdeild		
Persónuupplýsingar		
Nafn	Sími	Kennitala
Gísli		...
Héimil	Farsími	Vinnusími
Starf	Netfang	
Staðsetningardeild	Þjónustuflokkur	
Guðjónsdeild	Almennar barnalækningar	

Í kafla "Upplýsingar um beiðni" er búið að gera nokkrar breytingar:

Upplýsingar um beiðni	
Ástæða beiðni og spurningar sem óskast svarað	
Ráðgjöf óskast	
Deild sem óskað er ráðgjafar frá	
Viðtakandi beiðni (læknir, sérgrein)	Senda
Staða beiðninnar	
Ný (ósvarað)	

- Valið "Innan stofnunar – Úr læknastrá" hefur verið fjarlægð.
- Svæðið "Ráðgjöf óskast" er nú ritvarið: ekki er hægt að skrá frjálsan texta í svæðið heldur verður að velja úr vallistanum.
- Bæst hefur við svæði þar sem hægt er að velja frá hvaða deild er óskað eftir ráðgjöf.
- Skilgreining á hvaða deildir veita ráðgjöf er framkvæmd með stillingum í gagnagrunninum. Þetta er gert í kerfisumsjón undir stofnanir þá er rétt deild valin og hún er merkt meðferðardeild.
- Svæðið þar sem viðtakandi beiðnar er valinn hefur breyst örlítið. Í stað þess að velja úr öllum starfsmönnum þá leyfir svæðið einungis að valdir séu starfsmenn sem hafa aðgang að ráðgjafadeildinni sem var valin í skrefinu á undan.
- Það fer eftir forganginum hvort að Saga krefjist þess að viðtakandi sé valinn: ef forgangur er 1 eða 2 þá er skylda að velja starfsmann, en annars er nóg að velja deild.
- Bæst hefur við svæði sem sýnir stöðu beiðnarinnar. Í byrjun er hún "Ný" en þegar fyrsta svar berst þá mun reiturinn sýna rétta stöðu.

Kaflinn "Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til" sækir nú sjálfkrafa upplýsingar um lækninn sem skráður er ábyrgur fyrir lotunni sem beiðnin kann að tilheyra.



Þegar beiðnin er send þá er sem fyrr sendur póstur á starfsmanninn sem beiðnin er send á, nema ef beiðnin er send á deild og enginn starfsmaður valinn – í slíkum tilfellum sendist að sjálfsögðu enginn póstur.

Breytingar á eyðublaði "Álit sérfræðings - svarblað"

Þegar beiðni er svarað með svarhnappi á beiðni, og svarblaðið stofnað og undirbúið fyrir útfyllingu, birtist nú í kaflanum "Upplýsingar um númer" farsímanúmer starfsmanns sem sendi beiðnina (hafi það verið skráð).

Breytingar á Vinnulista ("Beiðnapottur")

Í Vinnulistann hefur bæst (aftast) nýr flipi sem veitir starfsmanni aðgang að beiðnum sem sendar hafa verið á deildir sem hann hefur aðgang að ("beiðnapottur").

Vinnulisti																				
Óklárað hjá mér		Óklárað sent frá mér		Óklárað		Rafraen skeyti		Lyfjapantanir frá mér		Beiðni um lyf		Heimahjúkrun		Klárað af mér		Klárað		Beiðnir		
Dags frá: 13. 3. 2011		Dags til: 14. 4. 2011		Deild: Almennar lyflækningar		<input type="checkbox"/> Einungis ósvaraðar														
Dags. beiðnar	Sent á deild	Sent á starfsmann	Földi svara	Forgangur	Tegund beiðnar	Ástæða beiðni (stutt)	Nafn sjúklings	Kl. sjúklings	Undirskrift af											
13.4.2011 14:10:26	Almennar lyflækningar	Kristín Steingrimsdóttir	1	Áriðandi	(or) Beiðni um álit sérfræðings		Jón Jónsson	1231231239	Kristín Steingrimsdóttir											

- Dagsetningarsvæðin "Dags frá" og "Dags til" skilgreina tímarammann sem leitað er eftir: einungis beiðnir sem voru *stofnaðar* innan þessa ramma eru birtar. Þegar Vinnulistinn opnast eru sjálfgefin gildi einn mánuður aftur í tímann, en þessu má að sjálfsögðu breyta.
- Fellivallistinn "Deild" leyfir starfsmanni að skoða beiðnir á ákveðnum deildum, af þeim sem hann hefur aðgang að. Sjálfgefið er sú deild sem starfsmaður er skráður inn á í það skiptið. Efst í þessum vallista er valgildið "< Allar >", sem sýnir eins og nafnið gefur til kynna beiðnir á allar deildir sem starfsmaður hefur aðgang að.
- Aftast í tækjaslánni er hakreitinn "Einungis ósvaraðar". Ef hakað er í þennan reit þá sýnir beiðnapotturinn einungis beiðnir sem ekki hefur enn verið svarað, annars eru allar beiðnir sýndar.

Fyrir ofan töfluna er flokkunarstika sem hægt er að nota til þess að flokka beiðnir og raða, eins og t.d. sést hér að neðan. Þessi virkni er sambærileg við aðrar töflur í Sögu sem bjóða upp á þennan möguleika og verður ekki rædd sérstaklega hér.

Dags. beiðnar	Sent á starfsmann	Forgangur
Sent á deild : Almennar lyflækningar		
Fjöldi svara : 0		
Fjöldi svara : 1		
22.9.2010 11:28:20	Birgir Finnsson	Tafarlaust
Fjöldi svara : 2		
Sent á deild : Legudeild		
Fjöldi svara : 1		

Til þess að skoða beiðni nánar er nóg að tvísmella á línuna eða hægri-smella og velja "Skoða beiðni" úr valmyndinni sem þá kemur upp. Þá opnast beiðnin í eyðublaðaeiningunni.

Dags. beiðnar	Sent á starfsmann	Forgangur
Sent á deild : Almennar lyflækningar		
Fjöldi svara : 0		
Fjöldi svara : 1		
22.9.2010 11:28:20	Birgir Finnsson	Tafarlaust
Fjöldi svara : 2		
22.9.2010 11:01:49	Birgir Finnsson	Áriðandi
Sent á deild : Legudeild		
Fjöldi svara : 1		

Dagsetning svars	Undirskrift af	Sjúkra
22.9.2010 11:18:53	Birgir Finnsson	
22.9.2010 11:18:02	Birgir Finnsson	

Taflan sem sýnir beiðnirnar skiptist í 2 svæði, eins og sést hér til hliðar. Efri hlutinn sýnir beiðnirnar sem falla undir skilgreindan ramma (tími, deild og staða). Neðra svæðið sýnir svörin sem borist hafa við beiðninni og uppfærast sjálfkrafa um leið og beiðni er valin í efri hlutanum. Hægt er að skoða svar með því að tvísmella á það, líkt og með beiðnirnar.

Einnig getur taflan sýnt allar fyrri ráðleggingar vegna sjúklings, óháð beiðnum. Það er gert með því að hægri-smella á einhverja beiðni sem tilheyrir viðkomandi sjúkling og velja "Fyrri ráðgjöf v/sjúklings" úr valmyndinni sem þá kemur upp. Þá birtist öll ráðgjöf vegna sjúklingsins í neðri hluta töflunnar, og hægt er að skoða

svörin með því að tvísmella á þau. Um leið og ný beiðni er hinsvegar valin þá hverfa þessar upplýsingar um fyrri ráðgjöf og neðri hluti töflunnar sýnir aftur svör við valinni beiðni.

Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir